

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 165/2020**

**frá 23. október 2020**

**um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu <sup>(1)</sup>.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka XVII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 9e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB):

„breytt með:

– **32017 L 1564:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 (Stjtið. ESB L 242, 30.11.2017, bls. 6).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2436):

„15. **32017 L 1564:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2017/1564, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauri***

*formaður.*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.